

Fundargerð 46. fundar

stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2018, miðvikudaginn 19. september kl. 14:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gauti Jóhannesson, Sigrún Árnadóttir, Steinunn María Sveinsdóttir, Anna Lind Ragnarsdóttir og Páll Björgvin Guðmundsson. Anna Lind og Steinunn María tóku þátt í fundinum símleiðis.

Að auki sat fundinn: Helga Guðrún Jónasdóttir sem einnig ritaði fundargerð.

Gestur fundarins er Vigdís Ósk Häsler Sveinsdóttir, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Umsögn um drög að reglugerð um gerð strandsvæðisskipulags - 1809002SU

Stjórnin fjallaði um endurskoðuð drög umhverfis- og auðlindaráðuneytisr að reglugerð um strandsvæðisskipulagsgerð. Umsagnarfrestur er til 22. sept. nk.

Vigdís Ósk Häsler Sveinsdóttir, gestur fundarins, fór ásamt stjórnarmönnum yfir reglugerðardrögin. Kom Vigdís Ósk með ábendingar og athugasemdir sem stjórnarmenn tóku undir, s.s. í tengslum við vægi atkvæða við endanlegu afgreiðslu svæðisskipulags. Samþykkt að sambandið komi umræddum athugasemdum á framfæri við Umhverfisstofnun í samráði við samtökin fyrir lok vinnudags föstudaginn 21. sept. nk.

2. Samtök sjávarútvegssveitarfélaga - aðalfundur 2018 - 1809001SU

Undirbúningur fyrir aðalfund samtakanna, sem stefnt er að 10. október nk.

Farið yfir ársreikning og hugmyndir fyrir starfsáætlun næsta árs ræddar. Ákveðið að formaður og starfsmaður leggi upp drög að starfsáætlun til umræðu innan stjórnar og að Páll Björgvin geri drög að fjárhagsáætlun. Næsti stjórnarfundur ákveðinn 10. október kl. 10:30 á Hilton Reykjavík Nordica.

Fundi var slitið kl. 15:00

Gauti Jóhannesson

Sigrún Árnadóttir

Steinunn María Sveinsdóttir

Anna Lind Ragnarsdóttir

Páll Björgvin Guðmundsson